

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

878. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 31. ágúst 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Afgreiðslur:

1. Sorphirða.

Ína Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóri kemur á fundinn undir þessum lið og fer yfir stöðu sorpmála í sveitarfélaginu. Samningur um sorphirðu rennur út þann 31. mars 2016. Byggðarráð felur umhverfisstjóra að hefja undirbúning fyrir útboð á sorphirðu.

2. 1504105 Svar frá Mast vegna fyrirspurnar um förgun á dýrahæjum.

Í svarinu kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Þegar spurt er um hvaða úrræði varðandi förgun dýrahæja er í boði er svarið því miður ekki einfalt. Ljóst er þó að við næstu heimsókn ESA, sem líklegt er að verði á næsta ári, verður kannað hvernig staða mála verður á Íslandi hvað varðar söfnun og förgun á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun og því verður að huga að breytingum hvað það varðar til að uppfylla ákvæði í gildandi reglugerðum.

Framundan hjá Matvælastofnun er að skilgreina fjarlæg svæði og í samvinnu við hlutaðeigandi aðila að setja upp hvernig nýta á undanþáguna, sem þarf síðan vera samþykkt af EFTA áður en hún tekur gildi. Matvælastofnun mun í kjölfarið senda bréf á öll sveitafélög og upplýsa um stöðu mála hvað varðar gildandi ákvæði vegna förgunar dýrahæja“.

Byggðarráð átelur að innleiddar séu reglugerðir án þess að úrræði fylgi í kjölfarið eins og við innleiðingu reglugerðar nr. 108/2010 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

3. 1508051 Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Lagt fram til kynningar erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um dag íslenskrar náttúru sem halda á 16. september nk.

4. Fundargerð 162. fundar félagsmálaráðs frá 26. ágúst sl.

Fundargerð 162. fundar frá 28. ágúst. sl. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum

5. Fundargerðir stjórnar SSNV, lagðar fram til kynningar.

a. 1508049 Stjórnarfundur SSNV frá 17. ágúst sl.

b. 1508051 Stjórnarfundur SSNV frá 25. ágúst sl.

Unnur Valborg kynnti.

6. Fundargerðir fjallskiladeilda, lagðar fram til kynningar

a. Fjallskiladeild Miðfirðinga frá 10. ágúst sl.

b. Fjallskiladeild Hrútfirðinga að austan frá 12. ágúst sl.

c. Fjallskiladeild Víðdælinga frá 12. og 15. ágúst sl.

d. Fjallskiladeild Hrútfirðinga að vestan frá 16. ágúst sl.

Samþykkt að taka á dagskrá

7. Sigurður Þór Ágústson kemur á fundinn.

a) Sigurður Þór fer yfir verkferla og þau úrræði sem viðhöfð eru í dag í eineltis- og samskiptamálum innan grunnskólans. Sigurður Þór leggur til að úttekt eða skoðun verði gerð á þeim aðferðum og verkferlum.

Byggðarráð vísar tillögunni til umfjöllunar og umsagnar fræðsluráðs.

b) Rætt um frístundastarf og gjaldtöku. Gerðar hafa verið breytingar á skráningu í frístund á þann hátt að skráð er heilan mánuð í senn. Tillaga um að mánuðurinn kosti 10.000 kr. fyrir frístund fimm daga vikunnar með hressingu og ef þörf er á frístund fyrir barn sem ekki er skráð kostar hálfur dagur 1.500 kr. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með þremur atkvæðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.17:36

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir